

Reykjavík, 2. október 2015

UB: 1510/4.1.1

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum (andvanafæðing), 25. mál.

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 21. september sl., þar sem óskað er eftir umsögn umboðsmanns barna um ofangreint frumvarp.

Í frumvarpinu er lagt til að foreldrar sem eignast andvana barn öðlist sama rétt til fæðingarorlofs og aðrir foreldrar. Umboðsmaður barna styður þessa tillögu. Sérstaklega getur þetta skipt mál þegar foreldrar eiga önnur börn, enda getur það verið mikilvægt út frá hagsmunum barna að foreldrar þeirra fái fullnægjandi tækifæri til að takast á við þá sorg sem fylgir því að fæða andvana barn.

Að gefnu tilefni vill umboðsmaður barna benda á bréf sem hann sendi félags- og húsnæðismálaráðherra 21. maí sl. þar sem skorað er á ráðherra að beita sér fyrir því að lög um fæðingar- og foreldraorlof verði endurskoðuð, þannig að börnum verði ekki mismunað með ómálefnalegum hætti eftir stöðu foreldra þeirra. Umboðsmaður barna hvetur velferðarnefnd til þess að kynna sér efni bréfsins, en það má nálgast [hér](#) á vef embættisins.

Virðingarfyllst,

Margrét María Sigurðardóttir,
umboðsmaður barna